

Ed.

852. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frumvarp þetta mun eiga að nema burt allan ágreining um það, hvort dvalarsveit beri að greiða nokkuð af kostnaði við þurfaling, eftir það er hún hefir öðlast rjett til að flytja hann til framfærslusveitar, samkvæmt 69. gr. fátækralaganna, ef hann skyldi þá eigi verða fluttur sakir sjúkleika.

Nefndin álitur rjett að koma í veg fyrir þennan ágreining, en þykir frumvarpsgreinin óljóst orðuð í þessu efni. Hún leggur því til, að frumv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna »eða þurfalingur sakir sjúkleika« komi: eða þurfalingur verður, eftir úrskurði læknis, eigi fluttur á framfærslusveit sína, sakir sjúkleika, þá er dvalarsveit hefir öðlast rjett til þess að flytja hann, samkvæmt 69. gr.; skal framfærslusveit endurgreiða allan kostnað af honum upp frá því, meðan hann verður eigi fluttur.

Alþingi 10. sept. 1913.

Steingrímur Jónsson,
formaður.

Einar Jónsson,
skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson.